

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

MÁNUDAGINN 9. FEBRÚAR VAR HALDINN 4. FUNDUR MENNINGAR OG  
KYNNINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, ÞRIÐJUDAGINN 10. FEBRÚAR. 2016, KL. 16:00

Mættir eru Haukur Þorsteinsson, María Guðbrandsdóttir boðaði forföll, Oddný Bergsdóttir mætti í hennar stað, Dagbjört Hjaltadóttir og Pétur G. Markan, starfsmaður sveitarfélagsins.

### Dagskrá:

1. Bókasafn Súðavíkurbrepps í Kaupfélaginu
2. Barnabókasafn í Súðavíkurskóla
3. Erindi frá Þorsteini Hauki Þorsteinssyni
4. Ný heimasíða Súðavíkurbrepps
5. Bláberjadagar 2016
6. Gönguhátíð 2016
7. Tilnefningar í húsnefnd Samkomuhússins í Súðavík
8. Styrkbeiðni vegna uppsetningu og gerð Hringssjár á Kambsnesi
9. Önnur mál

- 
1. Ákveðið að fá Margræti Lilju Vilmundadóttur til stýra vinnu við færslu bókasafnins yfir í Kaupfélagið.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að klára þjónustusamning við Kaupfélagið varðandi rekstur bókasafn Súðavíkur. Mikilvægt er að tryggja sé skilyrt fjármagn til bókakaupa fyrir safnið í þessum þjónustusamning.

Byrjað er að taka niður bækur í gamla bókasafninu í Súðavíkurskóla.

2. Kynnt að barnabókakostur verði staðsettur í nýju barnabókasafni í Súðavíkurskóla. Nýja barnabókasafnið verður hluti af lestrarátaki Súðavíkurskóla.

Rætt að gaman væri að hluti af barnabókum væri í Kaupfélaginu, sem síðan myndi skiptast reglulega út fyrir aðrar barnabækur.

3. Lagt fram til kynningar. Nefndin tekur vel í erindið.

Ákveðið að bíða eftir niðurstöðu uppbyggingarsjóðs, en verkefnið er með umsókn þar inni, áður en lengra er haldið.

4. Ákveðið að setja á laggirnar rýnihóp í kringum vinnu við nýja heimasíðu.

Ákveðið að halda næsta fund nefndarinnar innan mánaðar þar sem fyrstu drög síðunnar eiga að liggja fyrir.

5. Kynnt að Bláberjadagarnir verði þetta árið fyrstu helgina í september, 2. – 4. sept.

6. Kynnt að fyrstu helgina í ágúst, Verslunarmannahelgina, verði gönguhátíð í Súðavík í samvinnu við gönguhópinn Vesen og Vergang og Göngufélag Súðvíkur.

7. Nefndin tilnefnir Örn Elías Guðmundsson, Önnu Lind Ragnarsdóttur, Birgir Ragnarsson, Dagbjörtu Hjaltadóttur og Rúnu Esradóttur í húsnefnd Samkomuhússins.

8. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að styrkja verkefnið um 250 þús. krónur.

9. Undir öðrum málum vekur Dagbjört athygli á að nauðsynlegt sé að fara huga að niðurstetningu hvalasporða.

Dagbjört leggur til að fyrsti sporðurinn verði settur niður á túni, við norðurenda Hlíðagötu, fyrir ofan Súðavíkurkirkju. Sú staðsetning geti verið hluti af söguhring hvalveiða í Álftafirði, sem mun síðan hringa sig í kringum tjörnina.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið 18:10

Sign.

Haukur Þorsteinsson

Dagbjört Hjaltadóttir

Pétur G. Markan  
Sveitarstjóri

Oddný Bergsdóttir

